

Reykjavík, 10.maí. 2024

Víðimelur 66 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa – USK24020114

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 2. maí 2024 var lögð fram fyrirspurn Árna Gríms Sigurðssonar, dags. 12. febrúar 2024, um að koma fyrir bílastæði á austurhorni lóðarinnar nr. 66 við Víðimel, samkvæmt tillögu, ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra.



Loftmynd Borgarvefsjá



Götumynd Víðimelur 66

Skipulag í gildi

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin á íbúðarbyggð. Ekki er gildi deiliskipulag fyrir lóðina.

Umsögn

Samkvæmt samþykktum teikningum og lóðarblaði hefur ekki verið samþykkt bílastæði á lóðinni. Nýtt stæði á lóð krefst þess að ný innkeyrsla yrði gerð frá götu, almennt er ekki tekið jákvætt í að gera nýtt bílastæði á lóð í gróinni byggð þar sem reynt er eftir fremsta megni að koma í veg fyrir að keyrt sé yfir gangstétt til að tryggja umferðaröryggi. Einnig yrði við gerð bílastæðisins að fjarlægja gróður og vegg sem er áberandi hluti af götumyndinni og yfirbragð byggðarinnar.

Eins og áður koma fram er ekki í gildi deiliskipulag fyrir reitinn sem lóð nr. 66 er hluti af, en við nánari skoðun á deiliskipulagi nágrennareits Melar norðan Hagamels er talað sérstaklega um steypa garðveggi þar sem þeir setja mikinn svip á umhverfið og götumyndina þeir eru stór hluti af sérkennum eldri hverfa í Reykjavík. Þeir hafa mikið byggingarlistarlegt gildi sem og varðveislu gildi og ber að viðhalda þeim eftir fremsta megni.

Niðurstaða

Neikvætt samanber umsögn hér að ofan.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri